

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta – Fundur 10/2023

Staður: Hraunbær 123

Dags: 2023-05-9 Tími: 17:00

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Ritari: Ragnar Þór Prastarson

Mætt: Ragnar, Vigdís Fríða, Harpa Ósk, Guðrún Stefánsdóttir,
Þórhallur Helgason, Unnur Líf Kvaran, Huldar Hlynsson og Davíð
Prastarson

Gestir: Halldóra Inga fjármálastjóri

Dagskrá:

Nr.Fundarefni- Ábyrgð

1. Fundur settur: Klukkan 16:39
 - a. Mætt; Ragnar, Sævar, Huldar, Laddi, Pani, Harpa, Halldóra.
2. Bókanir frá síðasta fundi:
 - a. Engar bókanir/samþykktir á milli funda.
3. Fjármál - Halldóra
 - a. Fjórðungs uppgjör- BÍS og dótturfyrirtækja
 - i. **Skátabúðin** – búin að standa sig betur en við var búist. 500þ yfir tekjur. Að hluta er þetta vegna skátaþings. Við erum á pari með kostnað og er í samræmi við fjárhagsáætlun.
 - ii. **Úlfljótsvatn** – Er líka nálægt því að vera á pari. Okkur hefur gengið illa að innheimta tekjur frá Crean en Pani er að vinna í því að innheimta það. Lagt er til að hópar séu rukkaðir fyrirfram, en ekki eftir á. Verðbætur á höfuðstóls láns hefur hækkað umfram áætlun vegna aðstæðna í samfélaginu. Bókanir eru góðar og á áætlun. Útgjöld ÚSU hafa verið meiri en gert var ráð fyrir þar sem báðir bílarnir hafa bilað. Það vantar frysti og Ísskáp á Úlfljótsvatn.
 - iii. **Grænir skátar** – Áætlunin er mjög nálægt því að standast og gengur vel. Nálægt því að vera 20% aukning á milli ára, en kostnaðurinn fylgir og hefur hækkað.
 - iv. **BÍS** – Áætlun er svolítið skökk þar sem WSJ er innin í áætlun. Það sem skiptir mestu máli er að WSJ fer að ljúka. Spurningin er hve há upphæð mun sitja eftir hjá BÍS, en samþykkt var að ekkert ætti að sitja eftir hjá BÍS sem þykir skakkt vegna þeirrar miklu vinnu sem BÍS hefur sett í mótið.

- Fjárhagsleg áhætta er einnig BÍS. Fyrir hönd stjórnar þurfa Skátahöfðingi og Framkvæmdastjóri BÍS að taka samtalið við þá hópa sem sinna og stýra ferðinni.
- b. Fjármálaferlar/Reglugerðir –
 - i. Fjármálaferlar verða yfirlitir í samstarfi Fjármálastjóra og Framkvæmdarstjóra BÍS.
 - c. Fjárhagsáætlun Skátabúðarinnar –
 - i. Talað var fyrir því að efla sölu á skátabúðinni.
4. Yfirferð og samþykktir reglugerða BÍS
- a. Reglugerðir hafa verið sendar stjórnarmeðlimum til samþykktar.
 - i. Reglugerð BÍS um einkennismerki, samþykkt á stjórnarfundum 1997 hefur verið felld úr gildi og verður bætt við Búningareglugerð sem verður uppfærð. Reglugerðin verður send á stjórn og samþykkt á tölvupóstformi af stjórn.
 - ii. Reglugerð BÍS frá 1994 um skátamót hefur verið felld úr gildi.
 - iii. Tillaga að reglugerð um Landsmót hefur verið uppfærð en bíður samþykktar eftir yfirlitum. Reglugerðin verður send á stjórn og samþykkt á tölvupóstformi af stjórn.
 - iv. Reglugerð BÍS um hæfi skátaforingja. Reglugerðin verður send á stjórn og samþykkt á tölvupóstformi af stjórn.
 - v. Reglugerð BÍS um hæfi Sjálfboðaliða. Reglugerðin verður send á stjórn og samþykkt á tölvupóstformi af stjórn.
5. Viðmið um kostnaðarpáttöku alþjóðamála
- a. Stjórn fékk kostnaðarpáttöku senda. Reglugerðin verður lesin yfir af stjórnarfólki og verður samþykkt í tölvupósti eftir yfirlitum.
6. Sóknaráætlun - yfirferð eftir smíðju á skátaþingi
- a. Ekki verður tekið á Sóknaráætlun á þessum fundi. Skipulagður verður sérstakur Sóknaráætlunarfundur.
7. Önnur mál
- a. Styrkur frá Reykjavíkurborg var ræddur. Tillaga var að setja upp dagsskrá í hverfum og bjóða fjölskyldum og halda fundi.
 - b. Drekaskátamótsstjórn hefur verið samþykkt.
 - c. Kveikja – undirbúningur byrjaður. Lagt til að Grænir skátar verði með aðkomu til að auka samráð við félögin.

8. Fundi slitið Klukkan 18:32